

Kvæðaflokkur.

I.

Gróðabrögð.

Í tvent skiftast gróðabrögð: gæzluna og aflann—
En geymslan snýst þrátt upp í vandræða-kaflann
Eins flókinn um menning sem fé.
Því byggja oft ættlerar frægustu feðra
In fallandi vé.

Það leiðir af annara loftunga að vera,
En lítið og ekkert úr sínum hlut gera.
Það lækkar. Menn hefjast við hitt,
Að horfast í augu við hátignir allar
Og hagræða um sitt.

Að skreyta sig glingri frá erlendum álfum
Er örvasans fávit, en týna sér hálfum.
Því tap er hvert góðyrði gleymt.
En manndáð sú hagsælir heimili og nágrend,
Sem hnoss sín fékk geymt.

Og seint verður kynstofn sá “fær eða fermur”,
Sem flaðrar með spjátrungsins eftirhermur—
Frá ómunatíma og enn
Því ráfa nú apar um óræktar-skóga,
En urðu ekki menn.